

Sþ.

50. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um fiskiðnskóla í Siglufirði.

Flm.: Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Ragnar Arnalds, Eyjólfur K. Jónsson,
Pétur Pétursson, Gísli Guðmundsson, Magnús Jónsson, Stefán
Valgeirsson, Lárus Jónsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að því, að settur verði á stofn fiskiðnskóli í Siglufirði.

Greinargerð.

Vaxandi skilningur er nú á því, að upp rísi fiskiðnskólar og meiri þekking og tækni verði hagnýtt við fiskvinnslu, sem menntað og hjálfað starfsfólk stjórnir. Þarf ekki að eyða að því orðum, hver nauðsyn það er, að menntað starfsfólk sinni í vaxandi mæli hinum þýðingarmiklu störfum við fiskvinnslu.

Auðvitað kann að orka tvímælis, hvar heppilegast sé að staðsetja fiskiðnskóla, en flutningsmenn þessarar tillögu telja margt mæla með því, að fiskiðnskóli verði í Siglufirði. Þar er þegar fjölpætt starfsemi í sambandi við sjávarútveg. Má þar nefna lagmetisíðjuna og tunnuverksmiðjuna og niðurlagningarverksmiðju, sem jafnframt reykir sjávarafurðir. Tvö frystihús eru á staðnum auk minni fiskverkunarstöðva, og aðstaða er til skelfisk- og rækjuvinnslu.

Þá er þess að geta, að ákveðið er að hefja byggingu nýs og mjög fullkomins fiskiðjuvers, og enn er unnt að haga fyrirkomulagi í þeirri fiskvinnslustöð svo, að henti vel til kennslu. En brýna nauðsyn ber til að taka skjótt ákvörðun um staðsetningu fiskiðnskóla í Siglufirði, ef hagnýta á þetta tækifæri.

Í Siglufirði er nægilegt skólahúsnæði, en auk þess húsnæði, sem nota má til heimavistar. Þá eru þar og nokkrir kennslukraftar. Fer vart á milli mála, að mun ódýrara yrði að staðsetja fiskiðnskóla í Siglufirði af þessum sökum en annars staðar, þar sem allt yrði að byggja upp.

Fjórðungsþing Norðurlands hefur samþykkt áskorun um staðsetningu fiskiðnskóla í Siglufirði og þá haft hliðsjón af þeim rökum, sem hér hafa verið fram færð.